

NORÐAUSTURVEGAR, 2. ÁFANGI, BUNGUFLÓI- VOPNAFJÖRÐUR. BREYTINGAR Á EFNISTÖKU

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar breytingar á efnistöku vegna lagningar Norðausturvegar, 2. áfanga, Bunguflói-Vopnafjörður, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Vopnafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er ekki gerð grein fyrir námum sem nauðsynlegar eru við byggingu Norðausturvegar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulaginu þar sem gerð er grein fyrir námum vegna byggingar Norðausturvegar samkvæmt gr. 4.9 um efnistökusvæði í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.b. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. janúar 2009.

INNGANGUR

Þann 26. nóvember 2008 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna breytingar á efnistöku vegna lagningar Norðausturvegar, 2. áfanga, Bunguflói-Vopnafjörður.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 15. desember 2008, Fiskistofu með bréfi dags. 2. desember 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. desember 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 16. desember 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða breytingar á efnistöku frá því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar og áliti Skipulagsstofnunar frá júlí 2007. Fram kemur að við verkhönnun og námurannsóknir á 2. áfanga Norðausturvegar, frá Bunguflóa að Vopnafirði, hafi komið í ljós að mun minna af nýtanlegu efni sé á ysta hluta framkvæmdasvæðisins en búist hafi verið við. Ennfremur hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til mikils sigs á votlendissvæðum við efnisútreikninga. Breytingar á efnistöku séu smávægilegar en auka þurfi talsvert efnistöku úr námu J í landi Hauksstaða og námu Q við Torfastaði sem séu einu möguleikarnir til aukinnar efnistöku á ysta hluta framkvæmdasvæðisins. Haft hafi verið samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun um stækkun á námunum. Vegagerðin hefur haft samráð við landeigendur Torfastaða og Vopnafjarðarhrepp um að sett verði bráðabirgðaræsi í Vesturdalsá vegna efnisflutninga úr námu Q og aflað hafi verið leyfis til ræsagerðarinnar hjá Fiskistofu og Veiðifélagi Vesturdalsár.

Vegagerðin telur að eftirfarandi breytingar á efnistökkunni séu minniháttar.

- Námur C (B-11), G (B-15) og Q (B-23) verði færðar til.

Náma C (B-11) hafi verið á ógrónum mel meðfram fyrirhuguðum vegi og hefði orðið mjög áberandi. Við undirbúning framkvæmdarinnar hafi verið fallið frá efnistöku úr námunni og áformað að nýta þess í stað jökulruðning sem ýtt verður ofan af námu D (B-12) sem fyllingarefni. Ef það dugi ekki þurfi að taka það efni sem á vanti úr námu C sem hafi verið færð til á melnum og sé staðsett við lægð í melnum, í meiri fjarlægð frá veginum og verði lítið áberandi séð frá nýjum Norðausturvegi.

Náma G (B-15) ætlunin er að minnka hana úr 17.500 m² í 10.000 m² og áætluð efnistaka minnki úr 35.000 m³ í 33.000 m³. Áhrif námunnar á jarðmyndanir, fuglalíf, gróður og landslag verði minni en gert hafi verið ráð fyrir í matsskýrslu.

Náma Q (B-23) verði í malarhjalla við hlið eldri námu. Svæðið þar sem efnistakan sé fyrirhuguð sé að stórum hluta ógróid en á hluta þess séu gróðurtorfur með lyngmóum. Við frágang verði leitast við að frágangurinn verði samræmdur á öllu efnistökusvæðinu. Fyrirhugað sé að taka 106.000 m³ í stað 30.000 m³. Þar sem burðarþol brúar á Skógavegi sé ekki nægjanlegt hafi verið sótt um leyfi til að setja ræsi í Vesturdalsá hjá Fiskistofu og Veiðifélagi Vesturdalsár og leitað umsagnar Veiðimálastofnunar um ræsagerðina. Áhrif námunnar á jarðmyndanir, fuglalíf, gróður, laxfiska, landslag og sjónræna þætti verði meiri en fram hafi komið við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því námusvæðið sé mun stærra.

- Útmörk nokkurra námusvæða hafi hliðrast til sbr. námu D (B-12).

Námu D (B-12) hafi reynst, í ljósi efnisrannsókna, nauðsynlegt að hliðra til og taka um 54.000 m³ af 14.000 m², en í matsskýrslu hafi verið miðað við að taka 75.000 m³ af efni á 13.000 m² svæði. Áhrif á umhverfi verði svipuð og hafi komið fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

- Efnistaka muni aukast úr námum B (B-10), J (B-17), M (B-20A), O (B-21), Q (B-23), og U (D-3).

Náma B (B-10) sé fyllingarefnisnáma sem notuð hafi verið í 1. áfanga vegarins og verði stækkuð aðeins til norðvesturs og áætlað að taka samtals 30.000 m³ í stað 25.000 m³. Áhrif námunnar á jarðmyndanir og landslag verði svipuð og hafi komið fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Náma J (B-17) verði 31.200 m² að flatarmáli í stað 12.000 m² og áætluð efnistaka 81.300 m³ í stað 30.000 m³. Áhrif námunnar á jarðmyndanir og landslag verða meiri en kom fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því námusvæðið sé stærra. Eftir stækkun lendi varða 156482 39-40 innan námusvæðisins og verði aflað leyfis Fornleifavernd ríkisins til að fjarlægja hana. Með stækkun námunnar verði hún líklega meira áberandi, en með góðum frágangi verði dregið úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar.

Náma M (B-20A) verði 11.400 m² að flatarmáli í stað 8.000 m² og áætluð efnistaka verði 36.000 m³ í stað 20.000 m³. Áhrif námunnar á jarðmyndanir og landslag verði aðeins meiri svo og sjónræn áhrif en auðvelt verði þó að fella hana vel að landi og einnig verði gengið frá gömlum gryfjum ofan á melnum.

Náma O (B-21) verði 6.800 m² að flatarmáli í stað 8.700 m² og áætluð efnistaka 17.000 m³ í stað 10.000 m³. Áhrif námunnar á jarðmyndanir og landslag verði aðeins meiri en kom fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því námusvæðið stækki út fyrir eldri námu í stað þess að unnið verði úr botni hennar.

Náma U (D-3) sé við Hofsárdalsleið og í matsskýrslu hafi verið miðað við að naman yrði í framhaldi af skeringu og að 28.000 m³ af efni yrðu teknir á 14.000 m² svæði. Við undirbúning útboðs hafi verið ákveðið að færa námuna fjær veginum og gera slóða að námunni sem miðað er við að verði fjarlægður að efnistöku lokinni. Í útboði sé miðað við að 38.000 m³ af efni verði teknir á 12.000 m².

- Hætt sé við námur B-24, B-25 og AA-3

Efnistaka úr öllum öðrum námum muni minnka.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Vopnafjarðarhreppur, Fiskistofa og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps bendir á að heildaráhrif fyrihugaðra breytinga á efnistöku muni verða til bóta fyrir framkvæmdina í heild m. t. t. umhverfisáhrifa. Gerð sé krafa um að þegar efnisnáminu verði lokið muni Vegagerðin ganga vel frá efnisnámunum og að haft verði samráð við Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun (Ath. Skipulagsstofnun er ekki leyfisveitandi.

Innsk. Skst) um námuvinnsluna. Þá skuli og haft samráð við Fiskistofu og veiðifélag Vesturdalsár um efnisflutninga yfir Vesturdalsá úr Torfastaðanámum.

Umhverfisstofnun bendir á að frekari efnistaka verði í sömu eða sams konar jarðmyndunum og fjallað hafi verið um við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og að áætlanir um efnistöku og frágang verði sambærilegar við það sem fram hafi komið á fyrri stigum. Aukin efnistaka í Vesturárdal sé í mörgum tilfellum á svæðum þar sem ummerki um efnistöku séu þegar allnokkur. Almennt sé gert ráð fyrir að fjarlægja námuvegi og ganga frá aðliggjandi eldri námasvæðum eins og kostur sé í samráði við stofnunina.

Vegagerðin tekur fram í svörum, að þegar hafi verið aflað leyfis Fiskistofu og Veiðifélags Vesturdalsár varðandi efnisflutninga yfir Vesturdalsá og haft samráð við Umhverfisstofnun við undirbúning framkvæmdarinnar. Í útboðsgögnum séu gerðar kröfur um vandaðan frágang efnisnáma og verði þeim fylgt eftir á framkvæmdatíma í samráði við Umhverfisstofnun.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á efnistöku vegna lagningar 2. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar. Auka þarf talsvert efnistöku úr námu J í landi Hauksstaða og námu Q við Torfastaði sem eru einu möguleikarnir til aukinnar efnistöku á ysta hluta framkvæmdasvæðisins. Vegagerðin hefur haft samráð við landeigendur Torfastaða og Vopnafjarðarhrepp um að sett verði bráðabirgðaræsi í Vesturdalsá vegna efnisflutninga úr námu Q og aflað hefur verið leyfis til ræsagerðarinnar hjá Fiskistofu og Veiðifélagi Vesturdalsár. Samráð hafi verið við Umhverfisstofnun við undirbúning framkvæmdarinnar og í útboðsgögnum séu gerðar kröfur um vandaðan frágang efnisnáma sem verði fylgt eftir á framkvæmdatíma í samráði við Umhverfisstofnun. Breytingar á efnistöku eru eftirfarandi. Námur C (B-11), G (B-15) og Q (B-23) færðar til. Útmörk nokkurra námusvæða hafa hliðrast til sbr. námu D (B-12). Efnistaka eykst í námum B (B-10), J (B-17), M (B-20A), O (B-21), Q (B-23), og U (D-3). Hætt er við námur B-24, B-25 og AA-3. Að öðru leiti en að framan greinir minnkar efnistaka.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif breyttrar efnisstöku verði óveruleg á gróður, landslag og landnýtingu umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar og áliti stofnunarinnar í júlí 2007. Mest verða áhrif á jarðmyndun, landslag og gróður við stækkun námu Q en þau verði í beinu framhaldi af fyrri efnistöku þar. Með vönduðum frágangi, landmótun og uppgræðslu, eins og áformað er, telur Skipulagsstofnun að umhverfisáhrif verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðinni við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar breytingar á efnistöku vegna lagningar Norðausturvegar, 2. áfanga, Bunguflói-Vopnafjörður, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Vopnafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er ekki gerð grein fyrir námum

sem nauðsynlegar eru við byggingu Norðausturvegar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulaginu þar sem gerð er grein fyrir námum vegna byggingar Norðausturvegar samkvæmt gr. 4.9 um efnistökusvæði í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.b. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. janúar 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson